

FOAM 130

Alkalískt kvoðuhreingerningarefni fyrir matvælaiðnað

Skv. reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. SÖLUHEITI VÖRU. ÍSLENSKUR FRAMLEIÐANDI, INNFLYTJANDI EÐA SELJANDI.

Söluheiti vöru: **FOAM 130**
Vörunúmer: 783157
Notkun: Alkalískt kvoðuhreingerningarefni fyrir matvælaiðnað.
Öryggisleiðb. nr.: 1916

Dreifingaraðili: KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466, www.kemi.is

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
1310-58-3	215-181-3	Kalíumhýdroxíð	< 5	C, Xn H22-35
-	-	EDTA	< 5	(Xi H36)
68439-46-3	-	Oxóalkohól	< 5	(Xn H22-41)

Hættuflokkun innan sviga er flokkun framleiðanda. Efnin eru ekki flokkuð í efnalista reglugerðar 236/1990 með síðari breytingum.

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR.

Efnið verkar mjög ætandi á augu og húð. Ætiskemmdir koma oft ekki fram fyrir en eftir nokkurn tíma og geta náð langt inn í vefina. Upplýsingar um áhrif á umhverfi eru í lið 12.



4. SKYNDIÐHJÁLP.

Almennt: Augnskolunarflaska þarf að vera tiltæk þar sem efnið er meðhöndlað. Sýnið þessar öryggisleiðbeiningar ef leitað er til læknis.
Við innöndun: Tryggið strax hreint loft og hvíld á hlýjum stað. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.
Snerting við húð: Skolið strax vandlega með miklu vatni og farið úr fötum sem mengast hafa af efninu. Leitið læknis.
Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Leitið strax læknis og haldið skolun áfram meðan á flutningi stendur.

Öryggisleiðbeiningar: FOAM 130

Við inntöku: Skolið munn og háls strax með vatni og drekkið mikið vatn eða mjólk. Forðist uppköst. Leitið lækni. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í öndunarvegi.

5. BRUNI / AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD.

Efni/aðferðir: Notið slökkviefni eftir aðstæðum. Fjarlægjið umbúðir með efninu af hættusvæðinu ef hægt er.

Sérstök hættu: -

6. EFNALEKI.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Látið efnið ekki komast í niðurföll eða út í umhverfið. Notið óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efni sem fer niður og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Skolið mengað svæði vandlega með miklu vatni. Sjá einnig lið 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA.

Meðhöndlun: Má ekki blanda við súr efni.

Geymsla: Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum. Geymið ekki hjá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum. Geymið aðskilið frá súrum efnum.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR.

Tæknilegar aðgerðir: Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskolunartækjum.

Mengunarmörk: Kalíumhýdroxíð (PG) - ppm 2 mg/m³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: -

Fyrir augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr gúmmí eða plasti. Notið mýkjandi krem til að varna húðþurrki.

Fyrir húð: Sýrupólin svunta.

Hreinlæti við vinnu: -

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / litlaus eða gulur / -

Sýrustig (pH): 13,0 óblandað; 10,5 í 1% lausn

Bræðslumark: -

Suðumark: -

Blossamark: -

Hætta á sjálfíkveikju: -

FOAM 130

Alkalískt kvoðuhreingerningarefni fyrir matvælaiðnað

<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	-
<i>Eldnærandi eiginleikar:</i>	-
<i>Gufuþrýstingur:</i>	-
<i>Seigja:</i>	10 - 30 mPa.s
<i>Eðlisþyngd:</i>	1,08 kg/l
<i>Leysni:</i>	-

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI.

<i>Stöðugleiki:</i>	-
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	-
<i>Efni sem skal varast:</i>	Hvarfast við súr efni með varmamyndun. Hætta á sprengisúðu.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	-

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR.

<i>Við innöndun:</i>	Gufa og úði geta verkað ætandi á slímhimnur í öndunarfærum. Hætta á lungnaskemmdum ef andað er inn miklu magni.
<i>Snerting við húð:</i>	Ætandi.
<i>Snerting við augu:</i>	Ætandi. Hætta á varanlegum augnskemmdum.
<i>Við inntöku:</i>	Ætandi. Getur valdið uppköstum og vanlíðan.
<i>Bráð eiturskrif:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	-

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU.

<i>Almennt:</i>	-
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Varan inniheldur lífrænt efni sem brotnar hægt niður en er þó ekki flokkað sem hættulegt umhverfinu. Önnur lífræn efni í vörunni brotna greiðlega niður og eru ekki flokkuð sem hættuleg umhverfinu.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Varan inniheldur EDTA, sem leyst getur þungmálma úr seti og þannig valdið óæskilegum umhverfisáhrifum.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	-

13. FÖRGUN.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

Öryggisleiðbeiningar: FOAM 130


14. FLUTNINGUR.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR / RID Class: 8	UN-no.: 1814	Number and letter: 42 b
	Name of Material: Potassium hydroxide, solution		
	Symbol:		
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG Class: 8	UN-no.: 1814	Packaging Group: II
	Ems: 8-06	MFAG: 705	
	Name of Material: Potassium hydroxide, solution		
	Symbol:		Marine Pollutant: nei
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA Class: -	UN-no.: -	Packaging group: -
	Name of Material: -		
	Symbol:		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG OG REGLUR SEM VARÐA NOTKUN VÖRUNNAR.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: C

Inniheldur: Kalíumhýdroxíð

H - setningar: H34 Ætandi.

V - setningar: V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

(V1/2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

FOAM 130

Alkalískt kvoðuhreingerningarefni fyrir matvælaiðnað

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Gert þann:: 01-05-02

Dagsetning frumrits: 26-07-01

Gert fyrir: NOVADAN A/S, DK / KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466

Unnið af: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

- H22 Hættulegt við inntöku.
- H35 Mjög ætandi.
- H36 Ertir augu.
- H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar en fela ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá NOVADAN A/S, 6000 Kolding, Danmark.